
ÁRSSKÝRSLA



NÁMS-OG STARFSRÁÐGJÖF

Skólaárið 2024-2025

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Starfslið	2
Símenntun, fundir og samstarfsverkefni.....	2
Áhugasviðskannanir	3
Ráðgjöf á Reykjum.....	3
Samvinna við félagsráðgjafa	3
Kynningarstarf og heimsóknir	4
Foreldrafundur	4
Kynningar fyrir nemendur FSu	4
Kynningar fyrir grunnskóla	4
Opið hús	5
Heimasíða og samfélagsmiðlar	5
Greiningalisti	5
Sérúrræði í lokaprófum	7
Opin vottorð	7
Viðtöl.....	7
Önnur verkefni	8
Mætingareglur	Error! Bookmark not defined.
Fundir með stjórnendum	8
Umræður og lokaorð	8

Starfslið

Skólaárið 2024-2025 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann í samtals 225% stöðuhlutfalli. Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli og fagstjóri námsráðgjafar. Anna Fríða Bjarnadóttir í 75% stöðuhlutfalli. Bjarney Sif Ægisdóttir í 75% starfshlutfalli í námsráðgjöf, auk þess að kenna og vera með umsjón grunnmenntabráar.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Námsráðgjafar sóttu ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu.

- Fundur með Ellý Tómasdóttur forvarnarfulltrúa Árborgar og virkniráðgjöfum frá Árborg vegna Elju, nýs virkniúrræðis á vegum sveitarfélagsins Árborgar. Þetta úrræði er fyrir einstaklinga 16-29 ára sem eru að detta úr námi eða ekki í virkni.
- Á haustönn settum við okkur í samband við TMF tölvumiðstöð. Úr varð að þau komu hingað í skólann með námskeið um tækni í lestri og ritun sem aðgengileg er í flestum vöfrum. Allt starfsfólk og sérstaklega starfsfólk á sérnámsbraut var hvatt til þess að nýta sér þetta námskeið á staðnum.
- Fundað með ÍSAN kennara og skólastjórnendum vegna hugmynda um nýja áfanga í stærðfræði og ensku fyrir þennan nemendahóp.
- Fundir með skólastjórnendum og Klöru vegna nýrra verklagsreglna í tengslum við útskráningu úr áföngum vegna fjarvista og andmælaferli eftir það.
- Fundað með Klöru og Sissu vegna hugmyndavinnu og útfærslu á nýju námsveri í skólanum.
- Fundað með stjórnendum vegna hugmyndavinnu um íslenskubré fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Námsráðgjafar tóku þátt í þremur verkefnum sem fengu styrk frá Fageflingasjóði.
- Agnes var í jafnréttisnefnd, áfallateymi og verkefnastjórn Öruggara Suðurlands.
- Agnes sótti nokkra Áttu fundi fyrir hönd námsráðgjafarinnar.
- Bjarney var tengiliður við Háskóla Íslands vegna Educhange-jöfn tækifæri til menntunar. Rannsóknin var lögð fyrir útskriftarnemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Fyrirlögnin fór fram í þremur hlutum, þrjú skipti hjá útskriftarhópnum.
- Á Kátum dögum var námsráðgjöfin með opið hús í stofu 309 „Mosakaffi“. Þar tók hundurinn Mosi Agnesarson á móti gestum og gangandi og vakti það mikla lukku og viðburðurinn var vel sóttur.

- Stefnt var að fundi með stjórnendum og sviðsstjóra sérnámsbrautar um RX áfanga og möguleika á áframhaldandi námi fyrir nemendur sem hafa stundað nám á sérnámsbraut í 3-4 ár.
- Agnes fór á fund með HNOSS-hópi náms-og starfsráðgjafa á Suðurlandi. Fundurinn var haldinn í Stekkjaskóla á Selfossi

Áhugasviðskannanir

Á skólaárinu voru tveir nemendur tóku áhugasviðskönnunina. Í leit að starfi. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár og margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Töluvert fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og til þess að ræða framtíðarmöguleika og hugmyndir varðandi val á námi og störfum. Upplýsingar um aðgangsviðmið háskólanna nýtast vel í þeim samtölum, en góð tenging er yfir á aðgangsviðmið flestra háskólanámsgreina sem kenndar eru á Íslandi á heimasíðu skólans okkar, www.fsu.is. Nemendur í áfanganum NÁSS1GB05 (nemendur á grunnmenntabré) taka áhugasviðskannanir í kennslustund.

Ráðgjöf á Reykjum

Nemendum á Reykjum var boðið upp á viðtöl á staðnum í lotuvíkum, enginn nýtti sér það að þessu sinni. Nemendur á Reykjum höfðu aðgang að náms- og starfsráðgjöfum eins og aðrir nemendur skólans. Viðtölin voru aðallega, símaviðtöl, ráðgjöf í gegnum tölvupóst og nemendur komu hingað á Selfoss í ráðgjöf. Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða fjölbreyttan nemendahóp sem kallar á ólíka nálgun í ráðgjöf.

Samvinna við félagsráðgjafa

Samvinna milli námsráðgjafa og félagsráðgjafa var talsverð á árinu varðandi einstaka nemendur. En með þessari samvinnu næst gott utnumhald sem eykur enn líkurnar á farsælli skólagöngu með þverfaglegri þjónustu við nemendur. Í upphafi haustannar var EKKO teymi stofnað við skólann. En í EKKO teymi eru allir námsráðgjafar og Halla Dröfn félagsráðgjafi sem jafnframt er teymisstjóri. Á skólaárinu fór mikil vinna fram í EKKO teyminu. Unnið var meðal annars að uppfærslu EKKO upplýsinga á heimasíðu skólans, EKKO bæklingi og

viðtalsleiðavísi sem hjálpa til við að takast á við EKKO mál sem koma upp í skólanum. Vinnan hlaut styrk úr Fageflingasjóði FSu. Það er ljóst að þessi vinna heldur áfram á næsta skólaári ásamt því að kynna afraksturinn fyrir starfsfólki skólans.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrakynningin var haldin í sal skólans í september. Þar kynntu námsráðgjafar námsráðgjöfina fyrir foreldrum nýnema skólans. Að þessu sinni var nemendaráðgjöfin kynnt í heild, námsráðgjöf og félagsráðgjöf. Að kynningu lokinni voru opnar stofur í stofum 309 og 311 þar sem foreldrar gátu hitt ráðgjafa.

Kynningar fyrir nemendur FSu

Á þessu skólaári höfðu námsráðgjafar milligöngu um námskynningar sem fóru fram innan skólans á skólaárinu og voru auglýstar fyrir nemendur skólans. Nord University kom og var með kynningu í myndlistartíma og Vejle ídrætshojskole kom og var með kynningu í félagslífsgati.

Kynningar fyrir grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar buðu grunnskólum á Suðurlandi upp á að fá kynningu á námi í FSu fyrir nemendur sína í 10.bekk. Til viðbótar komu nokkrir einstaklingar í heimsókn til okkar til þess að fá kynningu á námi. Farið var yfir kynningarefni fyrir grunnskólanemendur og það uppfært. Alls var FSu kynntur fyrir nemendum 15 grunnskóla á Suðurlandi. Að þessu sinni var algengasta form á kynningum þannig að skólarnir komu með nemendahópana sína hingað til okkar og fyrst var byrjað á kynningu og svo farin skoðunarferð um skólann. Þetta reyndist skemmtilegt fyrirkomulag. Nokkrir skólar óskuðu eftir að fá okkur með kynninguna til þeirra sem er það form sem hingað til hefur verið á þessum kynningum. Sumir þessara skóla komu svo síðar og fengu skoðunarferð um skólann.

Mín framtíð

Stóra framhaldsskólakynningin/Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum fór fram með pompi og prakt í Laugardalshöll daganna 13.-15. mars. FSu tók þátt og stóðu námsráðgjafar og

stjórnendur vaktina ásamt kennurum og starfsfólki á Reykjum. Töluverð undirbúningsvinna fór fram fyrir kynninguna, m.a. var búið til lukkuhjól í samvinnu við Fablab og málmeildina. Einnig voru útbúin ný kynningarplaggöt sem Ágústa myndlistarkennari hannaði en námsráðgjafar sáu um hugmyndavinnuna. Stórt sjónvarpsskjár var fenginn lánaður hjá Háskólafélaginu og á honum voru sýnd kynningarmyndbönd og Flóafársmyndband, það vakti mikla athygli gesta á sýningunni.

Opið hús

Þriðjudaginn 25. mars var opið hús í FSu. Náms- og starfsráðgjafar stóðu vaktina og svöruðu spurningum um skólann, námið og námsframboð.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Í upphafi hverrar annar fer þó nokkur tími í að uppfæra upplýsingar á heimasíðu skólans, undir námsráðgjöfinni. Uppfæra þarf skipulagseyðublöð og fleiri upplýsingar sem mikilvægt er að uppfæra reglulega. Á þessu skólaári var bætt við upplýsingum um nám erlendis og upplýsingar um þjónustu fyrir nemendur með sérþarfir var gerð greinilegri. Mikilvægt er að fara yfir og uppfæra allar upplýsingar á heimasíðu reglulega en heimasíðan er í stöðugri þróun.


Náms- og starfsráðgjöf FSu heldur utan um síður á Instagram og Facebook þar sem mikill metnaður er lagður í að miðla mikilvægum upplýsingum, námstækniráðum, mikilvægum dagsetningum, valáföngum, upplýsingum um námsbrautir og fleira til nemenda og foreldra. Þetta er mikilvægur liður í að auka aðgengi allra að námsráðgjöf en mikilvægt að hafa í huga að í svona verkefni fer tími en þó er þar mikilvægur vettvangur til að ná til nemenda.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningagögnum og eru ekki á sérnámsbraut. Á Reykjum skiluðu 10 nemendur inn greiningagögnum á skólaárinu. Í dagskóla á Selfossi skiluðu 232 nemendur inn greiningagögnum fyrir haustönn og 217 fyrir vorönn. Miðað við þessar tölur þá er 30.6% aukning á fjölda nemenda sem skila inn greiningagögnum milli haustanna og 6,45% aukning milli voranna. Þess ber að geta að þessar tölur segja aðeins til um fjölda nemenda sem skila inn greiningagögnum, ekki fjölda greininga.

Það er áhugavert að skoða þróunina á því hversu margir nemendur skila inn greiningagögnum. Þær tölur geta gefið góðar hugmyndir um hvar þarf að bæta við þjónustu við nemendahópinn.

Hér er hægt að sjá línurit sem sýnir hversu margir nemendur hafa skilað inn greiningagögnum í dagskóla á Selfossi, eftir önnum:



Frá hausti 2020 til hausts 2024 hefur fjöldi nemenda sem skila inn greiningagögnum meira en tvöfaldast. Fjöldinn fór úr 149 nemendum í 303 nemendur sem samsvarar um það bil 103% aukningu á fjórum árum. Það er erfitt að segja til um ástæður þessarar aukningar. Hluti af ástæðunni getur verið fjölgun nemenda í skólanum og svo líka að greiningagögn berist betur í skólann en áður. Samkvæmt ársskýrslum sl. 5 ára þá hefur nemendaaukning í skólanum miðað við innritaða á haustönnum verið 16.61% frá því haust 2020(849) til haust 2024(990)

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í læstum skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu (Admin Inna) og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf. Í upphafi anna senda námsráðgjafar tölvupóst á kennara vegna nemenda sem eiga rétt á sérúrræðum.

Kennarar eru hvattir til þess að fylgjast vel með þessum nemendum og sérstök áhersla var lögð á rétt nemenda til sérúrræða í símatsáföngum

Sérúrræði í lokaprófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda sem hafa skilað inn greiningargögnum hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í janúar og í maí. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara. Náms- og starfsráðgjafar sinntu þessu í samvinnu við deildarfulltrúa á Reykjum fyrir nemendur þar.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Á haustönn 2024 skiluðu 28 nemendur inn opnum vottorðum og á vorönn 2025 skiluðu 36 nemendur inn opnum vottorðum.

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við

teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafa eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði.

- Opnar stofur hjá námsráðgjöfum í upphafi beggja skólanna til þess að aðstoða nemendur sem geta ekki nýtt sér rafrænar töflubreytingar. Þessi þjónusta er alltaf mjög vel sótt og nauðsynleg fyrir nemendur.
- Farið var yfir lista af nemendum sem höfðu fallið mikið eða ítrekað í áföngum og þeim boðin viðtöl/eftirfylgni. Ekki náðist í alla nemendur og ekki voru allir sem nýttu sér þetta tilboð.
- Agnes er í áfallateymi skólans á skólaárinu voru verklagsreglur uppfærðar á heimasíðu skólans.
- Námsráðgjafar sjá um að auglýsa stöðupróf í erlendum tungumálum og upplýsa umsjónarmann nemenda með annað móðurmál en íslensku um væntanleg stöðupróf.

Fundir með stjórnendum

Við höfum fundað með stjórnendum þegar upp koma málefni sem okkur finnst að þurfi að ræða sérstaklega. Á þessu skólaári voru fundirnir nokkir. Við funduðum í september með stjórnendum varðandi nafnabreytingar í INNU. Í desember var fundað um foreldrasamskipti, mikilvægt að allir starfsmenn svari tölvupóstum. Auðveldar mikið vinnu fyrir alla. Fundur um opið hús og skipulag á því, fyrir og eftir opna húsið. Fundað vegna mætingareglna í maí.

Umræður og lokaorð

Skólaárið hefur að mörgu leiti verið nokkuð óvanalegt, enda setti 5 vikna verkfall félagsmanna KÍ svip sinn á skólastarfið. Eftir verkfall var áskorun fyrir náms- og starfsráðgjafa að aðstoða nemendur við að koma sér aftur að náminu. Það hefur verið mikið álag á ráðgjöfina og mikil aðsókn í viðtöl og annan stuðning við nemendur. Á þessu skólaári hefur þeim nemendum fjölgað sem óska eftir og eiga rétt á að taka próf hjá námsráðgjöfum. Þessir nemendur þurfa oft á tíðum aukið næði og aðstoð við próftöku sem ekki reynist auðvelt að mæta inn í kennslustund.

Það var ánægjulegt að á þessu skólaári kom hjúkrunarfræðingur frá HSU og var með fasta viðveru á fimmtudögum hér í skólanum. Þetta er mikilvæg viðbót við stoðteymi skólans. Með áframhaldandi þróun þessa samstarfs og samvinnu aukast möguleikar á þverfaglegri samvinnu sem stuðla að velferð nemenda. Þetta er mikilvæg tenging sem þarna er búið að koma á varðandi aðgengi nemenda að heilbrigðisþjónustu.

Það hefur sett strik í reikninginn varðandi þjónustu við nemendur í Garðyrkjuskólanum á Reykjum að skóladagatalið er ekki samræmt. Garðyrkjuskólinn er skipulagður með lotuvikum og er að stærstum hluta fjarnámsskóli. Prófadagar aðrir en á Selfossi, aðrar reglur varðandi sérúrræði og fleira. Þetta veldur því að þjónusta námsráðgjafa við nemendur á Reykjum er ekki sú sem við viljum. Einnig skapar þetta óöryggi varðandi hlutverk hvers og eins varðandi þjónustu við þennan nemendahóp til dæmis varðandi sérúrræðaumsóknir. Það að skóladagatalið væri samræmt og prófareglur einnig myndi auðvelda utanumhald um þessa þjónustubætti.

Á skólaárinu var opnað námsver, þar sem nemendur geta komið að eigin frumkvæði og fengið aðstoð við heimanám. Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa í gegnum tíðina ítrekað kallað eftir þessari þjónustu og fagna því virkilega þessu framtaki. Mikilvægt er að til að námsverið nái að festast í sessi og verða vel sótt af nemendum verði það opið fleiri daga/tíma í hverri viku. Einnig væri æskilegt að það fengið fastan samastað í skólanum, helst í Odda. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs varðandi námsverið og þróun þess og horfum meðal annars til þess að nemendur sem eiga rétt á sérúrræðum í námi geti í framtíðinni tekið próf þar. Það myndi létta töluvert á náms- og starfsráðgjöfinni.

Undir lok síðasta skólaárs og í upphafi þessa skólaárs, funduðum við námsráðgjafar og félagsráðgjafi með stjórnendum um hugleiðingar okkar varðandi mætingareglur. Við kynntum hugmyndir okkar að breyttu fyrirkomulagi varðandi eftirlit með mætingum nemenda og hlutverki kennara í því ferli. Það var ánægjulegt að í framhaldinu var skerpt á þessu. Það er von okkar að þessi vinna skili sér í betri mætingu, snemmtækri íhlutun og þar af leiðandi betri námsárangri.

Á skólaárinu höfðu náms- og starfsráðgjafar frumkvæði að því að fá námskeið fyrir starfsfólk sem hafði áhuga um tækni í lestri og ritun hingað í skólann. Til þess að auka aðgengi starfsmanna að námskeiðum og endurmenntun er gott að geta boðið upp á námskeið hér á staðnum og að það auki líkurnar á að fleiri sjái sér fært að sækja námskeiðin. Það sparar einnig bæði tíma og er umhverfisvænna að námskeiðishaldari komi á staðinn í stað þess að allir áhugasamir keyri til Reykjavíkur.

Til þess að sinna forvarnarhlutverki í EKKO málum er mikilvægt að EKKO teymi og forvarnar-og félagsmálafulltrúar og verkefnastjóri Heilsueflandi framhaldsskóla komi að borðinu og skipuleggi fræðslu hvers skólaárs. Forvarnir eru auðvitað lykilatrið til þess að fyrirbyggja að EKKO mál komi upp. EKKO teymið er viðbragðsaðili þegar upp koma EKKO mál en mikilvægt er að viðbragðsaðilar og þeir sem sinna forvörnum í skólanum vinni vel og markvisst saman til þess að stefnt sé í sömu átt í þessum málum. Við sjáum fyrir okkur að þessir aðilar fundi í upphafi hvers skólaárs og leggi línurnar fyrir komandi ár.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi nemendapjónusta sem inniheldur náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölmennningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags- og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags- og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

Agnes, Anna Fríða og Bjarney